


Heiðarskóli



Valgreinar fyrir skólaárið 2023 - 2024



Valáfangar í 8., 9. og 10. bekk

Skólaárið 2023-2024

Senn fer þessu skólaári að ljúka og nemendur þurfa að fara að huga að námi sínu næsta vetur. Í þessu hefti eru lýsingar á þeim valáföngum sem verða í boði næsta skólaár. Einnig er sagt frá fjölda kennslustunda í kjarnagreinum.

Miðað er við að nemendur hafi að lágmarki 37 kennslustundir í stundatöflu. Nemendur í 9. og 10. bekk stunda nám í kjarnagreinum samtals 29 stundir og gefst kostur á að velja sér 8 stundir í vali sem samsvarar **16 valgreinum** yfir skólaárið. Nemendur í 8. bekk sækja 31 stundir í kjarnagreinum og velja sér 6 stundir sem samsvarar **12 valgreinum** yfir skólaárið.

Tilgangur með valfrelsi er að gera nemendum kleift að leggja eigin áherslur í námi miðað við áhugasvið og framtíðaráform. Þeir þurfa að horfa til framtíðar, gera upp við sig hvert þeir vilja stefna og meta af raunsæi hvað þeir þurfa að gera til að ná takmarki sínu.

Fjöl margar valgreinar eru í boði í Heiðarskóla í list- og verkgreinum en einnig í bóklegum greinum. Flestar kjarnagreinar eru bóklegar og gott er fyrir nemendur að skoða val sitt í því ljósi. Það getur verið hentugt fyrir marga nemendur að velja einhverjar verklegar greinar til þess að námið verði fjölbreyttara. Mikilvægt er að nemendur fari vel yfir lýsingar á valgreinum með foreldrum/forráðamönnum sínum og íhugi vandlega hvað sé æskilegt að velja. Einnig getur verið gott fyrir nemendur að ræða við umsjónarkennara, kennara einstakra greina eða námsráðgjafa og fá hjá þeim leiðsögn. Nemendur skulu varast að velja valgrein einungis af því að besti vinur velur hana.

Valgreinar eru hluti af skyldunámi. Þær eru jafn mikilvægar og kjarnagreinar og sömu kröfur eru gerðar um ástundun og námsframmistöðu. Mætingar og vinnusemi í tíma eru hlut af námsmati.

Það skal tekið fram að aðstæður geta orðið á þann veg að erfitt getur reynst að verða við aðal óskum nemenda um valgrein og er þá vara valkostur tekinn. Einnig áskilur skólinn sér rétt til að fella niður námstilboð ef umsækjendur eru of fáir.

Skipulag á stundatöflu næsta vetrar tekur mið af valgreinunum og því verða breytingar á vali ekki mögulegar eftir að skóli hefst á komandi hausti.

Það er von okkar að allir nemendur finni áhugaverða valkosti. Nemendur eiga að skila inn valinu rafrænt fyrir **2. maí**. Rafrænt valblað er hægt að nálgast inn heidarskoli.is/nemendur og nám/valgreinar.

Með góðum kveðjum
Skólastjórnendur og námsráðgjafi

Yfirlit valgreina – skólaárið 2022 – 2023

∞ Valgreinar merktar þessu merki má velja oft en einu sinni

Valtímabil 1 4. september – 3. nóvember				
Mánud. 14:00	Þriðjud. 14:00	Miðvikud. 8:10	Fimmtud. 14:00	Föstud. 12:30
Bakstur 9. og 10. b.	Frístund	Bakstur 9. og 10. b.	Matr. og bakst. 9. og 10. b.	Hárgreiðsla
Málun og sköpun 1		Fótbolti ∞	Skólahreysti 9. og 10. b.	Minecraft
Jóga stelpur ∞		Snyrting, fágun og framkoma	Mitt líf	Bókaklúbbur
Spilaval ∞		Skrautskrift 1	Ljósmyndun	Undirbúningur fyrir ökunám 10. b.
Lego 1/4		Lego 2/4	Lego 3/4	Stærðfræði
Körfubolti ∞		Fréttastofa	Dans	
Frístund				
Nemendaráð		Frístund kl. 14:00	Frístund	

Valtímabil 2 6. nóvember – 12. janúar				
Mánud. 14:00	Þriðjud. 14:00	Miðvikud. 8:10	Fimmtud. 14:00	Föstud. 12:30
Hústjörn	Frístund	Bakstur 9. og 10. b.	Matr. og bakst. 9. og 10. b.	Hárgreiðsla
Málun og sköpun 2		Styrkur og liðleiki	Skólahreysti 9. og 10.	Tækni og sköpun
Lego 4/4		Uppeldi og menntun	Þrívíddarhönnun	Stuttmyndagerð
Jóga strákar ∞		Spilaval ∞	Baujan - sjálfstýrking	Innanhúshönnun
Auka íþróttir ∞		Leiklist 1/6	Fatahönnun	Leiklist 2/6
Frístund				
Nemendaráð		Frístund kl. 14:00	Frístund	

*Skólahreysti – ekki hægt að velja á 3. og 4. tímabili

Valtímabil 3 15. janúar – 15. mars				
Mánud. 14:00	Þriðjud. 14:00	Miðvikud. 8:10	Fimmtud. 14:00	Föstud. 12:30
Bakstur 9. og 10. b.	Frístund	Bakstur 9. og 10. b.	Matr. og bakst. 9. og 10. b.	Macramé
Myndræn tjáning 1		Auka íþróttir ∞	*Skólahreysti 9. og 10.	Náttúrufræðitilraunir
Jóga stelpur ∞		Skrautskrift 2	Veggjaskreytingar	Fjármálafræðsla
Körfubolti ∞		Vellíðan og jafnvægi	Gettu enn betur	Þrívíddarhönnun
Leiklist 3/6		Leiklist 4/6	Spilaval ∞	Leiklist 5/6
Frístund		Frístund kl. 14:00	Enskar kvikmyndir	
Nemendaráð			Frístund	

Valtímabil 4 18. mars – 24. maí				
Mánud. 14:00	Þriðjud. 14:00	Miðvikud. 8:10	Fimmtud. 14:00	Föstud. 12:30
Matr. og bakst. 9. og 10. b.	Frístund	Bakstur 9. og 10. b.	Matreiðsla 9. og 10. b.	Spilaval ∞
Jóga strákar ∞		Fótbolti ∞	*Skólahreysti 9. og 10.	Spanska 1
Myndræn tjáning 2		Forritun	Jóga	Kvikmyndir
Útsaumur		Harry Potter	Útivist	Leiklist 6/6
Náttúrufræðitilraunir		Heimspeki	Næsta skref (9. og 10. b)	Macramé
Borðtennis og píla			Eurovision	
Frístund				
Nemendaráð		Frístund kl. 14:00	Frístund	

Stærðfræði, enska, spænska og þýska eingöngu fyrir nemendur í 10. bekk.

Val í FS kl. 14:50 – 16:15	
Þriðjudagar	Miðvikudagar
Textill og hár fyrir stúlkur/stálp TXHÁ1FH05	Húsasmiði fyrir stúlkur/stálp HÚSA1KY05
Húsasmiði fyrir drengi/stálp HÚSA1KY05	Rafmagn fyrir drengi/stálp RAFG1KY05
Rafmagn fyrir stúlkur/stálp RAFG1KY05	Textill og hár fyrir drengi/stálp TXHÁ1FH05
Spænska – SPÆN1SO05	Málmsmiði/suða MALM1MA05 drengir/stúlkur/stálp
Enska – ENSK2KO05	Þýska – ÞÝSK1PO05
	Stærðfræði – STÆR2AH05

Valgreinar innan skólans

Hérna koma upplýsingar um hverja valgrein fyrir sig. Til þess að auðvelda þá eru valgreinarnar merktar þeim bekkjum sem valgreinarnar eiga við.

8. bekkur **8**

9. bekkur **9**

10. bekkur **10**

Valgreinarnar eru kenndar á mánudögum og fimmtudögum kl. 14:00 - á miðvikudögum kl. 8:10 og föstudögum kl. 12:30 - Hver valgrein er kennd í 9 vikur sem gera 4 val tímabil yfir skólaárið.

Auka íþróttir **8 9 10**

Markmiðið er:

Að nemendur fái tækifæri til þess að auka við sig hreyfingu og kynnist fjölbreyttum aðferðum til þess að efla úthald og hreysti.

Kennslutilhögun:

Nemendur taka virkan þátt í skipulagðri hreyfingu undir umsjón kennara. Lagt verður upp úr að gera tímana ánægjulega og fjölbreytta.



Bakstur **9 10**

Kennari: Þórunn

Markmiðið er að nemendur:

- Þjálfist í mismunandi bakstursaðferðum.
- Geti unnið sjálfstætt.
- Þjálfist verklega færni.



Kennslutilhögun:

Nemendur baka gerdeig, hrært deig, þeytt deig, sætt og ósætt eftir mismunandi uppskriftum.

Baujan **8 9 10**

Kennari: María Guðmunda

Markmiðið er að nemendur:

- Fræðist um aðferðir til þess að ná stjórn á líðan og hegðun
- Kynnist sjálfum sér betur
- Læri slökunaröndun og að vinna úr erfiðum tilfinningum

Kennslutilhögun:

Við rifjum upp fræðin að baki Baujunnar. Allir árgangar í 6. bekk fá námskeið í Baujunni en einhverjir misstu úr vegna Covid. Kennslan er í formi fræðslu, umræðu og verkefnavinnu um tilfinningar og slökunaröndun. Við leggjum upp með að eiga notarlega stund saman og kynnast okkur sjálfum betur og hvernig við getum aukið sjálfstraustið okkar.




Borðtennis og píla 8 9 10

Kennari: Jonni

Markmiðið er að nemendur:

- Kynnist leikjunum
- Læri undirstöðuatriðin
- Læri að taka þátt í keppnum
- Njóti þess að spila með öðrum



Kennslutilhögun:

Nemendum verður skipt upp í hópa í borðtennis og pílu – allir fá að þjálfra sig í hvoru tveggja. Kennari leiðbeinir nemendum með undirstöðuatriðin og heldur utan um keppnir á milli nemenda.

Bókaklúbbur 8 9 10

Kennari: Eygló

Markmiðið er að nemendur:

- notið lesturs áhugaverðra bókmennta, rætt um þær, metið og túlkað
- tjáð hugsanir sínar og hugmyndir á skipulegan, skýran og viðeigandi hátt
- unnið með öðrum og tekið á jákvæðan hátt þátt í samskiptum og rökræðum



Kennslutilhögun:

Hópurinn velur í sameiningu áhugaverða/r bók/bækur til að lesa og spjalla um. Bæði er lesið heima og í kennslustundum og fléttast sá lestur saman við yndislestur í íslensku. Þetta er kjörin valgrein fyrir lestrarhesta og nemendur sem finnst gaman að spjalla og spekulera.

Dans 8 9 10

Kennari: Esther

Markmiðið er að nemendur:

- Kynnist mismunandi dansstílum
- Hafi gaman af því að dansa
- Njóti þess að horfa á dans



Kennslutilhögun:

Í hverri viku munum við einblína á einn dansstíl svo sem, standard dansa, latin dansa, gömludansa, ballet, hip hop, modern, break, party dansa svo fátt eitt sé nefnt. Horft verður á myndbönd tengdum hverjum stíl til að kynnast hvernig stíllinn er. Því næst verður dansað og lært eitthvað tengt stílnum.

Enskar kvikmyndir 8 9 10

Kennari: Esther

Markmið er að Nemendur:

- Njóti þess að horfa á kvikmyndir og bæta færni sína í ensku á sama tíma.
- Kynnist mismunandi kvikmyndum á enskri tungu.

Kennslutilhögun:

Sýndar verða ýmsar tegundir kvikmynda og verkefni unnin úr þeim. Lögð verður áhersla á að nemendur geti tjáð sig um efnið bæði munnlega og skriflega. Verkefnin eru ýmist einstaklings- eða hópverkefni og eiga að auka færni nemenda í ritun jafnt sem töluðu máli. Þeir námsþættir sem verið er að þjálfra eru áhorf, hlustun, tal og ritun.

Eurovision 8 9 10

Kennari: Esther

Markmiðið er að Nemendur:

- Hafi gaman af Eurovision
- Hlusti og þekki gömul Eurovision lög
- Kynnist sögu Eurovision



Kennslutilhögun:

Skoðuð verður saga Eurovision og saga Íslands í Eurovision keppninni. Farið verður í að hlusta á gömul og ný lög og Eurovision lög 2024 verða skoðuð og munum við velta fyrir okkur hvernig þeim gæti gengið. Unnið verður verkefni um gamlar Eurovision stjórnur.

Fatahönnun 8 9 10

Kennari: Dúna

Markmiðið er að nemendur:

- Þjálfist í vélsaumi
- Læri að taka upp snið, sníða úr efni og gera einfaldar sniðbreytingar eftir eigin hugmyndum
- Þjálfist í að fara eftir skriflegum leiðbeiningum
- Saumi flíkur og skreyti eftir eigin hugmyndum



Kennslutilhögun:

Nemendur rifja upp umgengni við áhöld og vélar. Nemendur sauma eina einfalda flík í samráði við kennara og velja síðan flík sem þeir sauma eftir úr sniðablöðum/bókum/myndböndum. Nemendur kynnast því hvernig má breyta flíkum svo þær öðlist nýtt líf, t.d. breyta gallabuxum í gallapils.

Fjármálafræðsla 8 9 10

Kennari: Þóra

Markmiðið er að nemendur:

- Geti tekið ábyrga afstöðu í eigin fjármálum og neyslu
- Verði gagnrýnir neytendur
- Geti gert kostnaðaráætlun og haldið bókhald
- Fá skilning á helstu fjármálahugtökum



Kennslutilhögun:

Nemendur fást við verkefni úr samfélaginu þar sem afla þarf upplýsinga og meta þær m.a. í tengslum við ábyrgð á eigin fjármálum og neyslu. Farið verður yfir helstu hugtök sem snúa að fjármálum t.d. vextir, laun, lífeyrir, sparnaður, útgjöld og skattar.

Forritun 8 9 10

Kennari: Andri

Markmiðið er að nemendur:

- Kynnist grunnþáttum forritunar.



Kennslutilhögun:

Farið verður í grunnþætti forritunar. Námskeiðið er ætlað byrjendum og þeim sem vilja kynna sér undirstöðuatriði forritunar. Kennari veitir fræðslu um forritun og leggur til verkefni við hæfi.

Fótbolti 8 9 10

Kennari: Svenni

Markmiðið er að nemendur:

- Læri undirstöðuatriði íþróttarinnar
- Þjálfist í íþróttinni og njóti þess að spila hana



Kennslutilhögun:

Nemendur taka þátt í æfingum og leikjum sem kennari setur upp. Allir mæta með góða skapið og þróðmennskuna og njóta þess að spila fótbolta saman.

Fréttastofa Heiðarskóla 8 9 10

Markmiðið er að nemendur:

- kynnist heimi blaðamennsku og auglýsinga í prent- og vefmiðli
- þjálfist í að skrifa ýmiskonar blaðagreinar, s.s. pistla, fréttir, viðtöl og gagnrýni
- öðlist aukið fjölmiðlalæsi
- kynnist hugmynda- og skipulagsvinnu sem fylgir blaðamennsku og auglýsingum



Kennslutilhögun:

Farið verður yfir undirstöðuatriðin í blaðamennsku. Nemendur munu spreyta sig á því

að skrifa pistla, fréttir og taka viðtöl sem birt verða í fréttabréfi eða á rafrænan hátt t.d. í formi myndbanda, podcasta eða á vefsíðu. Auk þess verður fjallað um eðli auglýsinga, nemendur skoða þær í ýmsum fjölmiðlum með gagnrýnum hætti og prófa að semja þær sjálfir.

Frístund **8 9 10**

Markmiðið er að nemendur:

- Fá tækifæri til þess að kynna fjölbreyttu starfi með börnum.

Kennslutilhögun:

Nemendur taka þátt í starfi Frístundarheimilis Heiðarskóla, fara í leiki með börnunum og aðstoða umsjónarmenn við utanumhald.



Gettu enn betur **8 9 10**

Kennari: Gunna Sígga

Markmiðið er að nemendur:

- Kynnist því hvernig spurningakeppnir fara fram.
- Æfi sig og undirbúi fyrir keppni í Gettu enn betur.



Kennslutilhögun:

Nemendur æfa sig í að svara spurningum sem geta komið í spurningarkeppnum. Einnig munu þeir gera spurningar og spyrja hvern annan. Æfðar verða hraðaspurningar og spurningar úr ýmsum áttum.

Harry Potter **8 9 10**

Kennari: Esther

Markmiðið er að nemendur:

- Kynnist Harry Potter sögunum
- Læri helstu atriði tengd söguni
- Hafi gaman af því að hverfa inn í ævintýraheim

Kennslutilhögun:

Lesin verða valdir kaflar úr Harry Potter bókunum og velt sér fyrir því hvað átti sér stað í þeim köflum. Horft verður á að minnsta kosti 1 mynd. Verkefni verða unnin út frá þessum ævintýraheim ýmist í hópverkefni eða einstaklingsverkefni svo sem að útbúa galdrabók og búa til stuttmynd.

Hárgreiðsla **8 9 10**

Kennari: Íris

Markmiðið er að nemendur:

- Kynnist mismunandi hárgreiðslum, umhirðu hársins, mismunandi hárvörum og hvernig hægt sé að nýta sér hin ýmsu áhöld svo



sem, sléttujárn, krullujárn og keilujárn til að ná fram ákveðnu útliti.

Kennslutilhögun:

Skoðaðar verða bækur og youtube myndbönd og fundnar áhugaverðar hárgreiðslur og fléttur. Nemendur æfa sig á hver öðrum.

Heimspeki 8 9 10

Kennari: Eygló

Fjallað verður um hvað heimspeki er og hver helstu viðfangsefni hennar eru. Hvernig heimspekingar fást við ýmis málefni líðandi stundar. Nemendur munu fá þjálfun í heimspekilegri rökræðu og munu takast á við fjölmörg viðfangsefni daglegs lífs með heimspekilegum aðferðum.

Markmiðið er að nemendur:

- kynnist heimspeki sem fræðigrein og ýmsum greinum og viðfangsefnum heimspekinnar. Að þeir skilji gagnrýna hugsun og geri greinarmun á henni og almennu nöldri.
- finni leið til þess að auka á hamingju sína og lífsgleði og nái að skoða hversdagsleg fyrirbæri heimspekilega.

Hússtjórn 8 9 10

Kennari: Þórunn

Markmiðið er að nemendur:

- Kynnist almennri heimilisfræði.
- Fræðist um það sem þarf að huga að við rekstur heimilis.
- Kynnist því hvernig gott er að haga undirbúningi fyrir veislur, stórar sem smáar.



Kennslutilhögun:

Nemendur spreyta sig á þeim verkefnum sem falla til við almennt heimilishald. Læra servíettubrot, undirbúa veislur, útbúa léttu rétti, meðlæti og/eða bakkelsi.



Innanhússhönnunar forrit (home design) 8 9 10

Kennari: Heiðrún

Markmiðið er að nemendur:

- Setji saman hugmyndir sínar fríhendis með skissum og grunnteikningum
- Unnið eftir vinnuteikningu og nýtt hönnunarforrit til að færa hugmyndir sínar á þrívítt form.



Kennslutilhögun:

Nemendur fá kynningu á hönnunarforritum/öppum sem henta vel fyrir byrjendur í innanhússhönnun. Nemendur nota forrit/app sem hentar vel fyrir byrjendur í hönnun og fá aðstoð við að nýta forritið til að færa hugmyndir sínar á þrívítt form.

Jóga 8 9 10

Kennari: Gróa

Markmiðið er að nemendur:

- Kynnist mismunandi jógaæfingum og fræðunum þar að baki. Einnig verður farið í grunnþætti slökunar og prófaðar mismunandi aðferðir við slökun eins og hugleiðslur o.fl.



Kennslutilhögun:

Nemendur læra jógastöðvar, öndunaræfingar, teyjur og slökun. Teyjurnar eru nauðsynlegar og geta stórlega dregið úr meiðslum. Nemendur gera nokkrar jógastöður og teyjur og ræða um eigin líðan. Hægt er að velja sér **blandaðan jógaþóp** eða þá kynjaskiptan s.s. **stelpujóga** eða **strákajóga**.

Kvikmyndir 8 9 10

Kennari: Andri

Markmiðið er að nemendur geti:

- Notið áhorfs vandaðra bíómynda, rætt um þær, metið og túlkað.
- Tjáð hugsanir sínar og hugmyndir á skipulegan, skýran og viðeigandi hátt.
- Unnið með öðrum og tekið á jákvæðan hátt þátt í samskiptum og rökræðum.



Kennslutilhögun:

Ef þú ert áhugamanneskja um vandaðar bíómyndir þá er þetta valgrein fyrir þig. Horft verður á vel valdar kvikmyndir og spennandi verkefni unnin út frá þeim.

Körfubolti 8 9 10

Kennari: Jonni

Áfanginn er ætlaður þeim sem hafa áhuga á körfubolta og þeim sem vilja kynnst leiknum.

Markmið er að nemendur:

- kynnist undirstöðuatriðum og reglum í körfubolta
- þjálfist í boltameðhöndlun og auki færni sína í körfubolta



Kennslutilhögun:

Kennsla fer fram í íþróttahúsinu þar sem nemendur taka þátt í ýmsum verklegum æfingum tengdum körfubolta.

Leiklistarval 8 9 10

Kennarar: Daníella, Esther og Guðný

Markmiðið er að nemendur:

- Fá þjálfun í almennri framkomu á sviði, dansi, radd- og líkamsbeitingu.
- Efla/öðlist sjálfstraust og sköpunargleði.
- Geti komið fram fyrir áhorfendur, sungið, leikið og dansað.



Kennslutilhögun:

Valfagið verður kennt á 2., 3. og 4. tímabili og mun gilda sem 6 valgreinar – **passa að velja alla dagana**. Þátttaka byggist á leiklistaræfingum, hópeflisæfingum, dansi, söng og spuna. Þá er einnig lögð áhersla á sviðsframkomu og notkun hljóðnema. Nemendur flytja árshátíðarleikverk á sal skólans. Nemendur þurfa að gera ráð fyrir kvöld- og helgaræfingum, þá einna helst vikurnar fyrir árshátíðina sjálfa.

Lego 8 9 10

Kennari: Andri

Markmiðið er að nemendur:

- Öðlist þekkingu á vísindum og verkfræði.
- Taki þátt í nýsköpun.
- Efla reynslu sína í hópavinnu.
- Efla sjálfstraust og samskiptahæfni.



Kennslutilhögun:

Námskeiðið er kennt þrisvar sinnum í viku á fyrsta tímabili og einu sinni á tímabili 2. Þurfa því áhugasamir að **velja alla Lego tímana á tímabilunum**. Nemendur vinna saman og taka þátt í nýsköpun og framleiðslu á tæki sem leysir nauðsynlegar þarfir samfélagsins. Nemendur nýta sér Legokubba og forritunarbúnað við smíðar tækisins. Lego lið Heiðarskóla tekur síðan þátt í keppninni First Lego League sem er haldin árlega í Háskólabíó um miðjan nóvember. Nemendur vinna að þema keppinnar fram að henni.

Ljósmyndun 8 9 10

Kennari: Andri

Markmiðið er að nemendur:

- Nái að efla leikni sína í stafrænni ljósmyndun.

Kennslutilhögun:

Nemendur fá fræðslu um grunnþætti ljósmyndunar. Unnin verða verkefni sem dýpka þekkingu og eykur gæði ljósmynda. Nemendur koma til með að vinna einhvern hluta utan kennslustofu.



Mitt líf 8 9 10

Kennari: Ingunn Birna

Markmið er að nemendur:

- Fá tækifæri til þess að auka þekkingu sína á heilsu og hvernig við getum hlúð að henni.
- Verði færir í að setja sér markmið og hugsa út í framtíðina.
- Fá aukið sjálfstraust og verði áhugasamir um heilsu og góðan lífsstíl.

Kennslutilhögun:

Nemendur fá fræðslu um ýmsa þætti sem snúa að almennri heilsu. Læra um hugarfar og leiðir til að efla það. Við förum í saumana á mataræði, svefni, fjármálum, framkomu og fleira sem gott er að kunna og vita.

Macramé 8 9 10

Kennari: Íris

Markmiðið er að nemendur:

- Kynnist undirstöðutækni macramé.
- Þjálfist í tækninni.
- Skili af sér macramé verki.



Macramé er tækni eða aðferð í textílhönnun sem byggir á að hnýta hnúta og skapa þannig textílverk. Hægt er að hnýta hvern hnút með höndunum og því engin önnur verkfæri nauðsynleg nema grein sem hengið er hnýtt á og fest.

Matreiðsla 9 10

Kennari: Þórunn

Markmiðið er að nemendur:

- Þjálfist í mismunandi eldunaraðferðum.
- Geti unnið sjálfstætt.
- Þjálfist verklega færni.



Kennslutilhögun:

Nemendur spreyta sig í eldhúsinu á hinum ýmsu uppskriftum frá kennara.

Matreiðsla og bakstur 9 10

Kennari: Þórunn

Markmiðið er að nemendur:

- Þjálfist í mismunandi eldunaraðferðum.
- Geti unnið sjálfstætt.
- Þjálfist verklega færni.

Kennslutilhögun:

Nemendur elda bæði og baka eftir uppskriftum og handleiðslu kennara.



Minecraft 8 9 10

Kennari: Andri

Markmiðið er að nemendur:

- Fá tækifæri til þess að skapa.
- Þjálfri rýmisgreind og rökhugsun.

Kennslutilhögun:

Minecraft er tölvuleikur sem gengur út á að byggja mannvirki úr kubbum í þrívíðri veröld. Kennari leggur verkefni sem nemendur eiga að vinna að og skapa í leiknum.



Málun og listsköpun 1 8 9 10

Kennari: Renata

Í valinu Málun og listsköpun 1 er unnið að ákveðnum verkefnum í bland við frjálsa listsköpun. Nemendur fá kennslu í tækni og aðferðum og kynnast ólíkum tegundum af litum, efnivið og meðhöndlun þeirra.

Áhersla er lögð á að ýta undir sköpunargleði nemenda og virkja ímyndunarafl þeirra. Að auki verður listfræðsla um verk listamanna í listasögunni.

Stefnt er að því að nemendur geti nýtt sér þekkingu sína og færni sjálfum sér til gagns og ánægju.



Málun og listsköpun 2 8 9 10

Kennari: Renata

Framhald á Málun og listsköpun 1. Unnið er með óhefðbundin efni og málað á það. Mörk milli málverks og skúlptúrs könnuð. Nemendur fá kennslu í tækni og aðferðum og kynnast ólíkum tegundum af litum, efnivið og meðhöndlun þeirra.

Áhersla er lögð á að ýta undir sköpunargleði nemenda og virkja ímyndunarafl þeirra. Að auki verður listfræðsla um verk listamanna í listasögunni.



Stefnt er að því að nemendur geti nýtt sér þekkingu sína og færni sjálfum sér til gagns og ánægju.

Áfanginn endar á málverkasýningu.

Myndræn tjáning 1 – skynjun, túlkun, tjáning 8 9 10

Kennari: Renata

Myndræn tjáning 1 er tjáningarleið þar sem nemendum gefst tækifæri til þess að tjá sig á sinn einstaka hátt í gegnum fjölbreytt myndlistarefnivið. Myndræn tjáning gefur nemendum tækifæri til að virkja tjáningu í gegnum sköpun. Nemendur fá tækifæri til að:

- efla sjálfstæði og sjálfstraust
- byggja upp jákvæða sjálfsmynd
- finna hæfileika sína og þroska þá
- þjálfra rökhugsun og einbeitingu
- efla ímyndunarafl sitt

Megintilgangur myndrænar tjáningar er að nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum til að skapa tjáningalist, þar sem reynir á sköpunargleði, samhæfingu hugar, hjarta og handar.



Myndræn tjáning 2 – skynjun, túlkun, tjáning 8 9 10

Kennari: Renata

Myndræn tjáning 2. Framhald á Myndræna tjáningu 1. Nemendur tjá sig í gegnum fjölbreytt myndlistarefnivið og fá tækifæri til að:

- efla sjálfstæði og sjálfstraust
- byggja upp jákvæða sjálfsmynd
- þjálfra rökhugsun og einbeitingu
- efla ímyndunarafl sitt

Megintilgangur myndrænar tjáningar er að nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum til að skapa tjáningalist, þar sem reynir á sköpunargleði, samhæfingu hugar, hjarta og handar.

Áfanginn endar á listasýningu.

Náttúrufræði/tilraunir 8 9 10

Kennari: Hildur

Markmiðið er að nemendur:

- Fá tækifæri til að öðlast dýpri þekkingu á greininni, með beinni snertingu við viðfangsefnið.
- Læri að umgangast efni og áhöld sem fylgja tilraununum.
- Læri að þekkja þær hættur sem geta leynst í tilraunum.
- Læri skýrslugerð.

Kennslutilhögun:

Valið er hugsað fyrir þá sem hafa mikinn áhuga á náttúrufræði og vilja öðlast aukna þekkingu á greininni. Kennslan fer fram að miklu leyti í formi tilrauna og verklegri vinnu. Nemendur lesa sér til um ákveðið efni og gera tilraun um efnið. Nemendur gera skýrslu um tilraunina og sýna þannig fram á niðurstöður.



Næsta skref 9 10

Kennari: María Guðmunda

Markmiðið er að nemendur:

- Læri að gera ferilsskrá
- Læri að sækja um vinnu
- Læri um orðspor á vinnumarkaði



Námstilhögun:

Nemendur útbúa ferilsskrá og kynningarbréf. Þau fá fræðslu um atvinnuviðtöl og orðspor á vinnumarkaði. Fá þjálfun í því að mæta í atvinnuviðtal og svara spurningum.

Skrautskrift 1 8 9 10

Kennari: Eygló

Markmiðið er að nemendur:

- Læri að beita þeim verkfærum sem notuð eru í skrautskrif.
- Læri myndun stafa, stafagerð, form þeirrar og lögun.
- Læri einfaldar skreytingar s.s. lykkjur og skyggingar.

Kennslutilhögun:

Nemendur læra að beita þeim verkfærum sem notuð eru í skrautskrift. Þegar búið er að ná tökum á beitingu verkfæra er farið í myndun stafa og stafagerð. Nemendur æfa sig í tímum eftir forskrift og smám saman læra þeir einnig einfaldar skreytingar. Auk verkefna í tímum vinna nemendur verkefni heima sem þeir safna í nemendamöppu.



Skrautskrift 2 8 9 10

Kennari: Eygló

Markmiðið er að nemendur:

- Þjálfist enn frekar í því að skrifa skrautskrift.
- Læri nýja stafagerð.
- Læri og þjálfist meira í skreytingum og geti nýtt þær í þeim verkefnum sem unnin eru.

Kennslutilhögun:

Nemendur rifja upp og þjálfast betur þá skrautskrift sem þeir kunna fyrir. Í framhaldi læra nemendur nýja leturgerð og prófa sig áfram með hana. Sýndar verða mismunandi leiðir til að skreyta letur og hvernig hægt er að nýta þær. Nemendur æfa sig í tímum eftir forskrift og fá tækifæri til að prófa sig áfram. Auk verkefna í tímum vinna nemendur verkefni heima sem þeir safna í nemendamöppu.

Snyrting, fágun og framkoma 8 9 10

Kennari: Esther og Guðrún Elísa

Markmiðið er að nemendur:

- Læri helstu atriði almennrar umhirðu húðarinnar
- Læri grunnatriði í förðun
- Læri hvernig eigi að bera sig og koma fram við mismunandi tilefni
- Læri almenna umhirðu
- Læri framkomu, hegðun



Kennslutilhögun:

Hver vika hefur sérstakt þema þar sem ákveðið efni verður viðfangsefnið. Kennslunni verður skipt niður í förðun, húðumhirða, framkoma, líkamsumhirða, mannasiðir svo fátt eitt sé nefnt. Valáfanginn er fjölbreyttur og snýr að almennri þekkingu um sjálfan sig og lagt verður áhersla á að kynnst sér betur og hugsa vel um sig. Markmiðið er að hafa gaman og vinna verkefni tengd sjálfri sér til að auka sjálfsöryggi.

Styrkur og liðleiki 8 9 10

Kennari: Guðrún Elísa

Markmiðið er að nemendur:

- Fá aukna hreyfingu
- Auki styrk og liðleika
- Kynnist mismunandi styrktaræfingum og teygjum



Kennslutilhögun:

Úthalds- og styrktaræfingar ásamt æfingum sem auka hreyfigetu og liðleika. Nemendur taka þátt í skipulögðum styrktaræfingum frá kennara. Hverri styrktaræfingu fylgir teygjuæfing í lokin fyrir sömu vöðvahópa. Hentar fyrir bæði þá sem stunda íþróttir og einnig þá sem stunda ekki íþróttir en vilja styrkja sig og auka liðleika.



Stærðfræði 8 9 10

Kennari: Þóra

Markmiðið er að nemendur:

- Fáa aukinn stuðning í stærðfræðinámi á unglingastigi. T.d. aukinn stuðningur við þá sem velja stærðfræði í FS.
- Öðlist aukið sjálfstraust og færni í grunnatriðum stærðfræðinnar.



Kennslutilhögun:

Nemendur vinna í áætlun bekkjarins í stærðfræði ásamt því að vinna efni frá kennara.

Skólahreysti 9 10

Markmiðið er að nemendur:

- Auki styrk sinn og þol.
- Læri að setja sér markmið.
- Styrki sjálfsmynd sína með jákvæðri upplifun af íþróttaiðkun.
- Geri sér grein fyrir gildi samvinnu í leik og keppni.
- Þjálfist í að taka þátt í undirbúningi fyrir íþróttamót.



Kennslutilhögun:

Námskeiðið nær yfir tvö tímabil. Tímarnir eru að öllu leyti verklegir og nemendur stunda alhliða líkamspjálfun bæði inni og úti. Nemendur fá tækifæri til að skipuleggja tíma fyrir sig sjálfa t.d. eigin þrek- og hraðapraut. Sérstök áhersla verður lögð á æfingar sem tengjast „Skólahreysti.“

Í lok kennslutímans taka nemendur þátt í undankeppni „Skólahreysti Heiðarskóla“. Rétt er að geta þess að allir nemendur hafa kost á því að taka þátt í undankeppni fyrir „Skólahreysti“ hvort sem þeir velja þennan áfanga eða ekki.

Spilum saman 8 9 10

Kennarar: Ingunn Rós, Þóra

Kynning á spilum af öllum gerðum, frá borðspilum til gamla góða spilastokksins.

Markmiðið er að nemendur:

- Kynnist fjöldanum öllum af spilum.
- Öðlist góðan skilning og færni í mörgum spilum.
- Uppgötvu gleðina sem felst í því að spila.



Kennslutilhögun:

Kynntar verða spilareglur í ýmsum spilum, jafnt kunnuglegum sem framandi, einföldum sem flóknum. Nemendur spila saman og keppa sín á milli. Mögulega reynum við fyrir okkur í því að búa til spil.

Spænska 1 8 9 10

Kennari: Heiðrún

Markmiðið er að nemendur

- Læri að nýta spænskan grunnorðaförða og undirstöðuatriði í málfræði til að auka færni sína í spænsku rit- og talmáli.



Kennslutilhögun:

- Lærum undirstöðuatriði í spænskri málfræði svo sem hljóð stafa, algengustu sagnir og samtengingar.
- Kynnumst því hvernig unnið er með spænska greininn, kyn, tölu, persónu- og eignarforöfn.
- Vinum með orðaförða sem tengist daglegu máli svo sem tölur, liti, vikudaga, mánuði og árstíðir til að þýða orð og stuttar setningar yfir á íslensku.
- Vinum með algenga frasa í samtölum svo sem; hvernig á að heilsa og segja frá sjálfum sér.

Stuttmyndagerð 8 9 10

Kennari: Andri

Markmiðið er að nemendur:

- Fái innsýn í heim kvikmynda.
- Geti notfært sér þau tæki og forrit sem nauðsynleg eru við stuttmyndagerð.
- Kynnist hugmynda- og skipulagsvinnu sem fylgir kvikmyndagerð.
- Fái tækifæri til að nýta nýjustu tækni til sköpunar.



Kennslutilhögun:

Leiðsögn við gerð stuttmynda á iPad/spjaldtölvur Farið verður í handritagerð, myndatökur og klippingar. Nemendur vinna verkefni tengd myndatöku og gerð handrita. Nemendur vinna saman í hóp, þróa hugmynd og útfæra hana sem kvikmynd. Nemendur gera stiklu (trailer) fyrir myndina sína.

Tækni og sköpun 8 9 10

Kennari: Þóra

Markmiðið er að nemendur:

- Efli hæfni sína í hópavinnu
- Þjálfri rökhugsun
- Nýti hugmyndaflug og sköpun

Kennslutilhögun:

Á námskeiðinu munu nemendur búa til **Breakout** fara í **minecraft** og **forrita**.

Breakout gengur út á það að setja saman þrautarleik sem nemendur reyna að leysa úr í sameiningu. Þrautirnar felast í því að reyna að finna vísbendingar í umhverfinu sem nýtast síðan til að opna lás fyrir næstu vísbendingu, nemendur hafa takmarkaðan tíma til þess að ljúka leiknum. **Minecraft** er skemmtilegur leikur sem gefur



nemendum tækifæri til þess að skapa og nýta ímyndunaraflið. Nemendum er úthlutað verk sem þau þurfa að skapa/byggja. Nemendur læra undirstöðuatriði **forritunar** og nýta meðal annars Sphero sem er forritanleg vélmenna kúla. Nemendur fá það verkefni að forrita kúluna í gegnum þrautabraut. Nemendur þurfa að beita rökhugsun og skipulagsvinnu.



Undirbúningur fyrir ökunám ¹⁰

Kennari: Heiðrún

Markmiðið er að nemendur:

- Fái fræðslu um hvernig ökunámi og ökuþrófi er háttað.
- Læri að sækja um ökunám og ökuskírteini.
- Fái svör við ýmsum algengum spurningum varðandi ökunám og réttindi.
- Fái fræðslu um umferðarmerki og fleira tengt umferðinni.



Kennslutilhögun:

Farið verður yfir helstu þætti er varða ökunám og ökuþróf. Nemendur æfa sig að fylla út skjöl tengd ökunáminu, horfa á umferðatengd myndbönd, fá fræðslu um helstu atriði tengd umferðinni.

Uppeldi og menntun ^{8 9 10}

Kennari: Eygló

Markmiðið er að nemendur:

- Kynnist fjölbreyttu starfi á menntastofnunum og fái innsýn í þau störf sem þar eru unnin s.s. í grunnskóla, leikskóla og á bókasafni.
- Öðlast grunnfærni í skyndihjálp.

Kennslutilhögun:

Valáfanginn byrjar á námskeiði í skyndihjálp.

Eftir það fara nemendur á vinnusvæði og eru á hverju svæði í 2 kennslustundir á viku í u.þ.b. 3-4 vikur í senn. Nemendur aðstoða starfsmenn í yngri bekkjum skólans, á bókasafni og í leikskólum. Nemendur skila stutttri greinagerð þegar kynningu á vinnusvæði lýkur.



Útivist/frelsi/náttúruskoðun 8 9 10

Markmiðið er að nemendur:

- Læri að undirbúa og útbúa sig fyrir gönguferðir.
- Kynnist umhverfi sínu betur og læri að ferðast um án þess að valda skemmdum á náttúrunni
- Læri að taka tillit til annarra.
- Kynnist veikum og sterkum hliðum sínum við misjafnar aðstæður.
- Læri að njóta náttúrunnar sem við höfum í næsta nágrenni.



Kennslutilhögun:

Farið verður yfir það sem nauðsynlegt er að hafa meðferðis í stuttum og/eða lengri gönguferðum.

Farið verður yfir landafræði og gróðurfar á svæðinu sem gengið verður um.

Saga svæðisins rakin og þjóðsögur sem tengjast svæðinu sagðar.

Farið verður í 3 langar gönguferðir og 2 stuttar um áhugaverða staði í nánasta umhverfi.

Áætlaðar langar göngur eru: Þorbjörn, Keilir, Reykjanesviti,

Stuttar göngur: Bergið, Innri-Njarðvík, og göngustígur með fram sjónum.

Tekið skal fram að gönguleiðir verða valdar eftir veðri hverju sinni. Nauðsynlegt er að eiga góða gönguskó og bakpoka og að vera tilbúin til útivistar í hvaða veðri sem er.

Ef gönguferðir taka lengri tíma en kennsla hverju sinni verður kennsla felld niður á móti göngutímum. Ekki verður prófað í þessari grein.

Útsaumur 8 9 10

Kennari: Esther

Markmiðið er að nemendur:

- Kynnist mismunandi tegundum útsaums
- Þjálfist í útsaum og öðlist sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hafi gaman af því að vinna handavinnu.
- Skili af sér útsaumsverki



Kennslutilhögun:

Farið verður í undirstöðuatriði á mismunandi útsaumstegundum og unnið verður útsaumsverkefni. Mikil áhersla verður lögð á vandaðan og snyrtilegan frágang og sjálfstæð vinnubrögð.

Vellíðan og jafnvægi 8 9 10

Kennari: María Guðmunda

Markmiðið er að nemendur:

- Fræðast um þætti í daglegu lífi sem efla vellíðan.
- Kynnist mörkum óhóflegs kvíða og streitu.
- Læri aðferðir til þess að halda í vellíðan og jafnvægi.



Kennslutilhögun:

Nemendur fá fræðslu um kvíða og streitu, vinna verkefni og taka þátt í umræðum um efnið. Í hverjum tíma verður farið í núvitundar hugleiðslur.

Veggjaskreyting 8 9 10

Kennari: Dúna

Markmiðið er að nemendur:

- Þjálfist í hönnun og gerð leikmyndar og leikmuna.
- Nýti sköpunargleði sína og ímyndunarafl.
- Kynnist undirbúningi að baki leikverks.
- Fáir tækifæri til að efla áhuga sinn á listsköpun og taka þátt í að skreyta vegg skólans og auðga hann af list.



Námstilhögun:

Nemendur aðstoða við að finna út hvort þurfi að hanna leikmynd og sviðsmuni eða hvort hægt sé að nýta það sem til er fyrir árshátíðaratriði sem sýnd eru í lok 3. val tímabils í samvinnu við kennara. Nemendur ásamt kennara útfæra veggjaskreytingu í sameiningu annaðhvort á sviði eða á öðrum veggjum skólans. Hugmyndarflug og sköpunargleði nemenda fær að njóta sín. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð hjá nemendum.

Þrívíddarhönnun og sköpun 8 9 10


Kennari: Andri

Markmiðið er að nemendur:

- Fáir tækifæri til þess að skapa.
- Þjálfist í að nýta stærðfræði við sköpun.
- Kynnist Hönnunarforritinu CAD.

Kennslutilhögun:

Nemendur læra að hanna hluti að eigin vali með CAD-forriti. Kennt verður hvernig hægt er að koma mælingum úr umhverfinu yfir á stafrænt form og þar með hanna hluti sem leysa raunveruleg vandamál. Nemandi hannar á val tímabilinu 3-4 hluti, og fær að velja sér einn af þeim hlutum sem verður 3D prentaður.



Valgrein heilan vetur

Samtals 4 valgreinar.

Nemendaráð/félagsmálafræði

Kennarar: Heba og Gunna Sígga

Valgreinin er ætluð þeim sem hafa mikinn áhuga á félagsstörfum.

Markmið:

að nemendur:

- Efli sinn félagslega þroska t.d. sjálfsmynd og sjálfstraust.
- Efli færni sína í tjáningu og samskiptum.
- Efli leiðtogaþæfileika sína.

að þjálfar nemendur:

- Í lýðræðislegum vinnubrögðum.
- Í skipulagningu og framkvæmd viðburða.
- Í fundarsköpum, tjáningu og framsögn.

Kennslutilhögun:

Hlutverk nemendaráðs Heiðarskóla er m.a. að skipuleggja félagsstarf í skólanum, gæta að hagsmunum nemenda, miðla upplýsingum milli nemenda og stjórnenda skólans og taka þátt í viðburðum sem fram fara á skólaárinu. Ætlast er til að nemendaráð myndi góð tengsl við nemendur skólans og verði yngri nemendum góð fyrirmynd. Skólinn gerir þá kröfu til stjórnar nemendaráðs að í því sitji ábyrgir nemendur sem sýni af sér **góða hegðun, frumkvæði í vinnubrögðum, stundi námið vel og hafi góða skólasókn**. Nemendur vinna mikið í hópum og kynna hugmyndir sínar. Þeir læra að setja upp viðburði, auglýsa þá og stjórna þeim. Unnið verður markvisst að framsögn, fundarsköpum, eflingu sjálfsmyndar og lýðræðislegum vinnubrögðum. Nemendur sem eru í nemendaráði er skylt að vinna á viðburðum sem haldnir eru í skólanum. **Nemendur á unglingastigi munu kjósa meðlimi í nemendaráð af þeim sem sækja um ef aðsókn er mikil.**

Á haustin fer fram kosning innan ráðsins á formanni, varaformanni, gjaldkera, ritara og meðstjórnanda. Áætlað er að nemendaráð taki virkan þátt í starfi skólans og taki á móti skólaheimsóknum fyrir hönd Heiðarskóla. Fulltrúi frá nemendaráði situr fundi í skólaráði. Fundir með stjórnendum fara fram tvisvar yfir skólaárið, einn á hvorri önn. Valið nær yfir allt skólaárið og gildir sem 4 valgreinar.

Helstu viðburðir á skólaárinu

Sameiginleg diskótek fyrir 5. – 7. bekk

Íþróttamót milli skóla og innan skóla

Diskótek og viðburðir fyrir nemendur Heiðarskóla

Gettu ennþá betur fyrir 8. – 10. bekk

Jóla- og páska bingó fyrir nemendur Heiðarskóla

Árshátíðarball fyrir 8. – 10. bekk í Reykjanesbæ

Diskótek fyrir yngstu nemendur Heiðarskóla

Námsmat í valgreinum innan skólans

Námsmat fer fram í öllum valgreinum út frá hæfniviðmiðum í námskrám í Mentor. Við lok tímabils er frammistaða nemenda metin með hæfnitáknunum 5 í hverju hæfniviðmiði auk þess sem nemendur fá L (lokið) eða Ó (ólokið) í samantekt. Á útskriftarskjöl nemenda í 10. bekk fara bókstafirnir L eða Ó. Til þess að unnt sé að meta hæfni nemenda og það hvort valgrein telst vera lokið eða ólokið þarf nemandi að hafa mætt og tekið þátt í meira en 50% kennslustunda á valgreinatímabili.

Valgreinar utan Heiðarskóla

Eftirfarandi valmöguleikar eru allt skólaárið og gilda sem **4 valgreinar**. Þeir valáfangar sem koma hér á eftir eru í samstarfi við aðila utan skólans og kennsla fer fram annarsstaðar en í Heiðarskóla.

Unglingadeildin Klettur 9 10

Nemendur sem starfa í unglingadeild Björgunarsveitar Suðurnesja geta fengið þjálfun sína þar metna sem hluta af vali í skólanum.

Valið er hugsað fyrir nemendur í 9. og 10. bekk. Nemendur skila inn staðfestingareyðublaði með undirskrift þjálfara/leiðbeinanda og forráðamanns tvisvar sinnum á skólaárinu sem staðfestir að hann sé virkur í unglingadeildinni.

Markmið:

- Að nemendur kynnist starfi björgunarsveita.
- Að efla skilning nemenda á mikilvægi björgunarmála.
- Að efla félagsþroska nemenda.

Tónlistarnám 8 9 10

Nemendur sem stunda nám í Tónlistarskóla Reykjanesbæjar geta fengið nám sitt metið sem valgrein. Námsráðgjafi vinnur í samstarfi með tónlistarskóla og fær upplýsingar um mætingar nemandans.

Aðstoð við þjálfun 8 9 10

Ef nemandi er að æfa íþrótt og hefur áhuga á að aðstoða við þjálfun innan íþróttagreinarinnar geta nemendur fengið það metið inn sem valgreinar. Nemandinn þarf að sinna þjálfun minnst 40 mínútur á viku yfir skólaárið. Nemandi sækir þá beiðni til námsráðgjafa sem fyllist út af foreldrum og þjálfara. Skilyrði fyrir móttöku beiðninnar er að umræða hafi átt sér stað á **milli foreldra og þjálfara**. Hafið samband við námsráðgjafa ef áhugi er fyrir hendi.

Íþróttir/þjálfun í samstarfi við íþróttafélög

Þetta valfag er fyrir nemendur sem stunda íþróttir hjá deildum innan íþróttafélaga. Nemendur greiða sjálfir æfingagjöld og annan kostnað til íþróttafélagsins.

Kennslutilhögun:

Nemendur stunda þjálfun í sinni íþróttagrein hjá sínu íþróttafélagi undir stjórn þjálfara. Heiðarskóli metur þjálfunina til jafns við tveggja kennslustunda vikulega valgrein innan skólans. Nemendur skila inn staðfestingareyðublaði með undirskrift þjálfara og forráðamanns **tvisvar sinnum** á skólaárinu sem staðfestir að hann sé virkur í íþróttinni.

Námskröfur:

Nemendur mæta til allra æfinga sem þjálfari gerir kröfur um. Félag/deild viðkomandi íþróttagreinar leggur fram kennslu og æfingaskrá þar sem fram koma markmið þjálfunar.

Ef nemandi hættir í tómstund/íþrótt ber foreldrum skylda til þess að láta námsráðgjafa vita um leið. Námsráðgjafi úthlutar þá nemandanum nýja valgrein.

Námsmat í valgreinum utan skólans

Námsmat í valgreinum utan Heiðarskóla er unnið í samvinnu við íþróttadeildir, Unglingadeild Björgunarsveitarinnar og Tónlistarskólann. Matið er unnið út frá mætingum og virkri þátttöku nemenda og er metið L (lokið) Ó (ólokið) við lok skólaárs.

Framhaldsskólaáfangar allt árið - FS

Samtals **4 valgreinar** í samvinnu við Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Ef nemandi stenst áfangann hefur hann unnið sér inn 5 framhaldsskólaeiningar á framhaldsskólastigi.

Sjá hæfnikröfur fyrir framhaldsskólaáfangana hér fyrir neðan. Fyrir þá **alla** gildir einnig að litið er til lykilhæfni nemandans, svo sem sjálfstæði, þrautseigju, vinnusemi, ábyrgð á eigin námi, nýtingu miðla og skapandi hugsun við mat á því hvort nemandi hafi burði til þess að takast á við þessi verkefni.

Námsráðgjafi, deildarstjóri og kennari fara yfir og meta allar umsóknir og hvort að nemandi uppfyllir skilyrðin. Þegar umsókn hefur verið samþykkt sendir námsráðgjafi ásamt nemanda rafræna umsókn til FS í byrjun skólaárs.

Í ár verður boðið upp á kynjaskipta hópa - sjá á næstu blaðsíðu og á yfirliti.

Inntökuskilyrði í valgreinar í FS:

Stærðfræði - STÆR2AH05: Fyrir nemendur í 10. bekk sem uppfylla skilyrði um framúrskarandi hæfni í stærðfræði við lok 9. bekkjar.

Enska - ENSK2O05: Fyrir nemandur í 10. bekk sem uppfylla skilyrði um framúrskarandi hæfni í ensku við lok 9. bekkjar.

Þýska - ÞÝSK1ÞO05: Fyrir nemendur í 10. bekk sem eru góðir í tungumálum/íslensku þannig að þeir geti bætt við einu tungumáli.

Spænska - SPÆN1SO05: Fyrir nemendur í 10. bekk sem eru góðir í tungumálum/íslensku þannig að þeir geti bætt við einu tungumáli.

Rafmagn - RAFG1KY05: Fyrir nemendur í 9. og 10. bekk.

Húsasmíði - HÚSA1KY05: Fyrir nemendur í 9. og 10. bekk.

Textíl og hár - TXHÁ1FH05: Fyrir nemendur í 9. og 10. bekk.

Málmsmíði/suða – MALM1MA05: Fyrir nemendur í 9. og 10. bekk.

Mætingareglur Fjölbrautaskóla Suðurnesja

- Þeir nemendur sem eru í valfögum í Fjölbrautaskóla Suðurnesja þurfa að fara eftir þeim mætingareglum sem gilda í FS.
- Gert er ráð fyrir að nemendur mæti í allar kennslustundir. Tímarnir hefjast kl. 15:00 og þeim lýkur kl. 16:20.
- Ef nemendur eru veikir eða þurfa leyfi þarf grunnskólinn að tilkynna það með tölvupósti eða á skrifstofu FS í síma 421-3100.
- Grunnskólarnir eru látnir vita ef það falla niður tímar í FS.
- Það er ekki frí í valfögunum þó að kennsla falli niður í grunnskólunum, til dæmis vegna starfsdaga eða annars.
- Ef nemendur sjá fram á það að vera frá skóla í einhvern tíma, til dæmis vegna utanlandsferða, er hentugra fyrir þá að taka valfög í grunnskólanum. Það er mjög erfitt fyrir nemendur að missa úr tíma í FS, þar sem þeir eru bara einu sinni í viku, sérstaklega í verklegum greinum þar sem þeir hafa ekki möguleika á því að vinna verkefnið heima.

Mætingareglurnar má skoða í heild sinni á heimasíðu skólans www.fss.is undir skólinn, almennar upplýsingar og skólareglur.

Innritunargjald

Nemendur sem velja sér valgrein í FS þurfa að greiða innritunargjald kr. 6.000. Kennslan skiptist á tvo daga frá kl. 15:00 – 16:20 yfir allan veturinn. S.s. einn áfangi er kenndur yfir allt skólaárið.

Þriðjudagar

Enska
Rafmagn fyrir stúlkur/stálp
Húsasmíði fyrir drengi/stálp
Textíll og hár fyrir stúlkur/stálp
Spænska

Miðvikudagar

Stærðfræði
Rafmagn fyrir drengi/stálp
Húsasmíði fyrir stúlkur/stálp
Textíl og hár fyrir drengi/stálp
Þýska
Málmsmíði/suða fyrir drengi/stúlkur/stálp

Lýsingar á fögum:

ENSK2005

Áhersla er lögð á að nemendur verði enn betur læsir á fræðilega texta. Þeir verða þjálfaðir í að tileinka sér grunnorðaförða akademískra texta, tjá hugsun sína skýrt í riti og rökstyðja skoðanir sínar. Í fyrirrúmi er vandlegur lestur texta með það fyrir augum að byggja upp skilning og hagnýtan orðaförða. Lesið er bókmenntaverk úr hinum enskumælandi menningarheimi. Nemendur vinna í auknum mæli sjálfstætt að ritunarverkefnum og viðameiri verkefnum.

HÚSA1KY05

Nemandi hannar og býr til einhvern hlut t.d. hillu, skáp, borð eða annan nytjahlut úr timbri. Farið er í örlitla efnisfræði samhliða smíði og hönnun hlutarins og efnisvali. Námsmat byggir á ástundun, virkni í tímum, verklagni og framförum á því sviði. Vinnslu hugmyndar til veruleika.

MALM1MA05

Nemendum eru kennt að nota handverkfæri og einföldustu tæki til smíða og viðhalds vélbúnaðar. Nemendur læra að lesa á algengustu mælitæki og einföldustu vinnuteikningar og vinna eftir þeim. Vinnsluaðferðir eru sögun, sverfun, borun, snittun, beygingar, slípun og vélavinna. Farið verður yfir notkunarsvið, meðhöndlun og umhirðu tækja og verkfæra. Samhliða fer fram fræðsla um slyshættu og öryggisþætti.

RAFG1KY05

Í áfanganum fá nemendur að kynnast störfum rafvirkja og rafeindavirkja auk þess sem handverkfæri eru kynnt og nemendum kennt að nota þau rétt. Farið er m.a. í rafmagnsfræði, rofabúnað og rafeindarásir þar sem nemendur fá að smíða einfaldar rafeindarásir, eins og t.d. blikkara. Áfanginn er metinn til þriggja eininga í grunndeild rafiðna.

SPÆN1SO05

Megináhersla lögð á að nemendur tileinki sér undirstöðuatriði tungumálsins. Nemendur eru þjálfaðir í lestri, hlustun, tali og ritun. Einföld málfræðiatríði eru kynnt og útskýrð. Áhersla lögð á uppbyggingu orðaforða og viðeigandi málsnið. Umfjöllun um Spán, spænska menningu og spænskumælandi málsvæði. Efni á netinu kynnt og ýmis konar annað ítarefni, s.s. tónlist og myndefni.

STÆR2AH05

Nemendur hafa val um að vera í staðnámi og mæta í tíma eða vera í fjarnámi og mæta þá bara í lotupróf. Meginefni áfangans er algebra, föll og mengi. Efnisþættir sem teknir verða fyrir í áfanganum eru: Bókstafareikningur. Veldi og rætur. Jöfnur af öðru stigi. Könnun annars stigs ferla (fleygboga) í hnitakerfi. Meðferð algebrubrota. Margliðudeiling. Ójöfnur af fyrsta og öðru stigi. Föll: Fallhugtakið innleitt og nokkur algeng föll kynnt. Mengi: Grunnhugtök mengjafræði. S.s. stök, hlutmengi, sammengi og sniðmengi.

TXHÁ1FH05

Kennsla fer fram einu sinni í viku, tvær kennslustundir í senn. Nemendur kynnast tískustraumum í hártísku, fatnaði og förðun. Textíl hlutinn er kenndur fyrrihluta skólaársins og hársnyrtihlutinn seinni hluta skólaársins.

Textílhloti: Nemendur sauma t.d. leggings, bol/peysu, mjúkar buxur, tiskuteikning, litir o.fl. Hver og einn getur valið sér auðveld verkefni miðað við eigin stíl og fatasmekk. Kennt á saumavélar og að taka mál og velja snið eftir vexti. Nemendur þurfa að greiða efnisgjald fyrir efni sem þau nýta.

Hársnyrtihloti: Nemendur vinna verklega hluta t.d. Hárvott og næringarnudd.

Fræðast um helstu hársnyrtivörur. Kenndar verða fléttur og einfaldar greiðslur. Farið í gegnum hár- og húðumhirðu ásamt léttri förðun. Kennd notkun áhalda, sléttujárn, krullujárn, keilujárn, bylgju og vöflujárn.

ÞÝSK1ÞO05

Megináhersla er lögð á að nemendur tileinki sér undirstöðuatriði tungumálsins. Nemendur eru þjálfaðir í réttum framburði, lestri, hlustun, tali og ritun. Einföld málfræðiatríði eru kynnt og útskýrð. Áhersla lögð á uppbyggingu orðaforða og viðeigandi málsnið. Umfjöllun um Þýskaland, þýska menningu og þýskumælandi málsvæði. Efni á netinu kynnt og ýmiskonar annað ítarefni, s.s. tónlist og myndefni

Námsmat á FS valáföngum

FS sér um námsmat hjá nemendum sem sækja þessar greinar. Nemandinn fær aðgang að skráningar og upplýsingakerfinu Innu við upphaf áfangans – nauðsynlegt að nemandi sé með rafræn skilríki til að tengjast Innu.

Miðannarmat er sent út á foreldra og grunnskóla á miðju skólaári. Þannig gefst nemandanum tækifæri til þess að meta framvindu sína. Við lok skólaársins fær nemandinn einkunn fyrir áfangann inn á Innu sem grunnskólar færa einnig inn á mentor. Nemendur vinna sér inn 5 framhaldsskólaeiningar ef þeir ná áfanganum.